

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



| | | | |
|----------------------------|--|--------------------------------|-----------------------------|
| Dags eftirlits | 22.11.2017 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Einar Halldórsson |
| Fyrirtæki | CRI í Svartsengi | Eftirlitsmaður | Halla Einarsdóttir |
| Heimili | Borgartún 27, Reykjavík | Tegund eftirlits | Reglubundið seinna eftirlit |
| Kennitala | 530306-0540 | Flokkur | Verksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gunnar Þórðarson, öryggis- og gæðastjóri | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 329903,036 383317,415 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins hjá CRI í Svartsengi, engin frávik komu fram við eftirlitið en ein athugasemd er gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Staða frávíka

Rætt var um stöðu frávíka frá síðasta eftirlitt. Vegna fráviks á ákvæði í gr. 2.3 er varðar brennslu á VOC efnunum í útblæstri, telur rekstraraðili að brennari sé ekki fýsileg lausn þar sem að það losar um koldíoxíð en meginmarkmið fyrirtækisins er að binda koldíoxíð. Annað frávik er varðar metanól í frárennsli er enn í eftirfylgni en frárennslið er í 260 m djúpri holu frá HS Orku sem búið er að fódra. Skv. rekstraraðila eyðist metanólið hratt við þær aðstæður sem eru þar til staðar en um 40°C hiti er í frárennslinu og kjöraðstæður fyrir örverur til að eyða upp metanóli með því að nýta sér það sem næringarefni.

Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að vinna allt að 10 tonn af metanóli úr allt að 16 tonnum af koldíoxíði á dag. Í starfsleyfi kemur ekki fram hvort um sé að ræða meðaltal eða hámark á sólarhring og hefur því rekstraraðili sótt um breytingu á starfsleyfi um að vinna allt að 12 tonn af metanóli á dag. Um 10-11 manns eru að vinna þar sem 2 eru á vakt í einu og eru flestir af þeim með efnafræðimenntun.

Geymsla efna

Í tvískiptum 20.000 lítra tanki er geymt metanól þar sem 8-9 þús. lítrar af óeymuðu metanóli er geymt í öðrum hlutanum, fer svo í gegnum eymingarferlið og svo í hinn hluta tanksins. Tveir fartankar eru yfirleitt á svæðinu með sitthvora 23 þús. lítra. Í planinu við þá er niðurfall en þar er jafnframt mesta hættan á að metanól spillist niður skv. rekstraraðila. Þrær fyrir allt að 20 þús. lítra eru fyrir frárennsli af planinu ásamt olíuskiljum. Um 11 kW eru notuð við rafgreiningu vetnis og er þriðji vökvinn lútur eða kalíumhydroxínlausn.

Úrgangur

Um 21 þús. lítrar af lút eru á hverjum rafgreini en endurnýting á honum fer fram hjá Síldarvinnslunni eftir notkun. Kvittanir fyrir spilliefni voru þá skoðaðar í eftirlitinu en um tvö tonn af zinksúlfíði verður til árlega sem þarf að skipta út fyrir zinkoxíð. Í geymslu er nú um þrjú tonn af zinksúlfíði og eitt tonn af hvata. Að jafnaði þarf að skipta um 1,5 tonn af hvata á 5-7 ára fresti. Í vothreinsivirki er skipt um síur árlega og sjá verktaktar um það ásamt því að fjarlægja úrgang frá kaffistofu. Aldrei hefur þurft að hreinsa upp úr þróm en þær eru reglulega skoðaðar.

Mælingar og skráningar

Farið var yfir mælingar og ástandsskoðun skv. grein 3.2 í starfsleyfi. Stöðug lekaleit er í gangi með gasnemum sem fylgjast með þrýstingi. Farið er yfir þetta á hverri vakt. Farið var yfir skráningar skv. gr. 3.3. og kvörðunarskýrslur fyrir símæla.

ATHUGASEMDIR

Fullar tunnur með úrgangi eru farnar að veðrast mjög út á svæði og ryðg. Mikilvægt er því að farga þeim eða koma fyrir eins og ákvæði í starfsleyfi kveða á um til að sporna við mengun í jarðveg.

ANNAÐ

Rekstraraðili lýsir yfir vonbrigðum sínum með hvað starfsleyfisgerð gengur hægt. Núverandi starfsleyfi rennur út þann 1. febrúar 2018 en rekstraraðili skrifar nú beiðni til að fá að vinna á undanþágu þangað til nýtt starfsleyfi hefur verið unnið.

Reykjavík, 09.01.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Einar Halldórsson